

Fundur 11.12.2023 Li Chen var uppi á Ming tímanum, (1368-1644).

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið og blessaður eða blessuð.*

Er ég hér staddur í stórum sal og margir sem á mál mitt hlýða, og þótt við séum mörgum tengdir og tengd í þessum sal, þá ætlum við sérstaklega að magna þá fjölmörgu framlífs hnetti sem á okkur hlýða og gömlu framlífs jörðina sem ég kem fram frá.

Minnist ég þess að okkur var snemma kennt að styrkur menningar okkar felst í samfellunni og því að viðhalda hefðum okkar og virða forfeður okkar og formæður og okkur var snemma kennt að þau einföldu störf sem við þurftum að sinna á framlífs jörð okkar, væru mikilvæg í framlífi til að stuðla að hugarró og sleppa við kollsteypur þær sem sumir hafa lent í á framlífs braut, undir áhrifum mikillar tækni og nýunga sem stefnt hafa mannlegum þroska í hættu.

Og þótt að fjölmargir af mínu þjóðerni hafi ratað á það sem kalla megi lífstefnu braut, eru einnig margir sem ratað hafa á helstefnu braut.

Og eitt af því sem við höfum ekki fjallað um við ykkur og marga aðra, er það hversu hætt er við mistökum á framlífs leiðinni og fjölmargar villu brautirnar sem blasa við, sem þarf að forðast, en ekki öllum auðnast að forðast.

Því vil ég minnast hér í upphafi á ormana sem ófu silkið á framlífs jörð minni og leik þeirra að efninu um andans veröld í tíminu mikla og hvernig þeim tókst að búa til vefnaðinn.

Og fjölmargar kenningar Lao Tse og fleiri meistara sem kenndu okkur að líta um öxl og staldra við á lífsbrautinni áður en nýir stjórnaðir voru teknir upp eða nýngar í tækniheiminum.

Má kalla það íhaldsemi og er hún að vísu einkennandi fyrir mína þjóð og hefur gefist okkur vel.

Veit ég til þess að maður af mínum hnetti talaði til ykkar fyrir nokkrum árum og varð hann sannspár um nokkra örlagaríka atburði sem gerðust hjá ykkur eins og farsótt sem lenti á ykkar hnetti og styrjaldar ástand.

Og vildi ég gjarnan halda áfram með þau mál örlífið í kvöld og segja deili á mér, var uppi á Ming tímanum og hef lifað fjölmargar framlífs tilverur.

Og á þessum hnetti okkar erum við saman komin í all nokkrum þroska og reynum við að sjá samhengið í tilverunni eins og vestrænir heimsspekingar gerðu fyrir á árum og öldum.

Og finnst okkur það sérlega áhugavert hvernig framlífs hnettirnir tengjast saman og mynda heild og hvernig atburðir á einum stað hafa áhrif á aðra hnetti.

Höldum við að, að mestu sé búið að afstýra ákveðnum örðugleikum hjá ykkur en aðrir taka þó við þar sem gremja heimsdrottins þess sem nefnir sig Jahve er enn til staðar vegna atburða sem ekki urðu og verður reynt að nýju að koma þjóðum og einstaklingum inn í atburðarrás ógæfulega.

En þið eigið marga góða verndara sem gæta hnattarins og ykkar og vonum að það dugi.

Það er nú langt síðan við fórum að ná valdi á líkama okkar og geta svifið eins og munkarnir og fylgir því einnig margskonar annar ávinningur að hafa náð tökum á anda og líkama og erum vissir um að það á fyrir ykkur öllum að liggja.

Vonum við að við komum upplýsingum um þetta betur í gegn og vil gjarnan greina frá mínu framlífi hér á þessum hnetti, get ég sagt frá því að aðstæður voru ekki ýkja lífvænlegar hér í upphafi byggðar en hefur okkur tekist þrýðilega að gera hnöttinn lífvænlegri.

Og er það einnig ávinningur af meiri samstillingu og kærleika milli okkar.

Enn eru margvíslegar ógnir sem að ykkur steðja og öðrum slíkum frumlífs hnöttum, en við vonum að það fari vel.

Og vil ég nú reyna að koma fram nafni mínu áður en ég kveð, Kínverskur maður, nafn mitt er Li Chen.

*Þakka þér fyrir að koma í sambandið.*

Já, þakka ég fyrir góðar viðtökur og verið þið sæl.

*Og vertu velkominn aftur, blessaður.*

Takk fyrir.

*Vertu sæll.*